



Akureyrarkaupstaður  
Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

ÁTVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 11. september 2017  
Tilv.: ANR17090154/11.3.1

Efni: Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2017/2018.

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa bæjar- og sveitarstjórnnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðiárið 2017/2018, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Bæjar-/sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.

Umsóknarfrestur um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/2017 er til **15. október 2017**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:

1. Minni byggðarlög (**viðmiðun er 2.000 íbúar þann 1. janúar 2017**), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.
2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir bæjar-/sveitarstjórnnum niðurstöðuna.

Ráðuneytið hefur gefið út reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2017/2018, nr. 606, 3. júlí 2017 og reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2017/2018, nr. 604, 7. júlí 2017 og eru bæjar- og sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér innihald þeirra.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Jóhann Guðmundsson

Annas Jón Sigmundsson